



## Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 56. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn  
stjórnsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík,  
28. janúar 2019, kl. 10:00.**

### Fundinn sátu:

Óli Halldórsson, formaður, Anton Freyr Birgisson, svæðisráðsfulltrúi, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, svæðisráðsfulltrúi, Hjördís Finnbogadóttir, fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson, fulltrúi útivistarféлага, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður.

**Fundargerð ritaði:** Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingafulltrúi Norðurþings kom til fundar.

#### 1. Dettifoss vestan - skipulag - 1810010

Staða skipulagsmála vegna þjónustu við Dettifoss rædd. Skipulags- og byggingafulltrúi Norðurþings fór yfir forsendur sveitarfélagsins og skipulagsferla.

*Svæðisráð vísar til bókunar á 55. fundi 1. nóvember sl., varðandi staðsetningu þjónustusvæðis við Dettifoss að vestanverðu. Svæðisráð leggur til að í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs verði þjónustusvæðið við Dettifoss útvíkkað að gatnamótum Dettifossvegjar (862) og Dettifossvegjar vestari (886). Með sama hætti verði sett af stað deiliskipulagsvinna sem nái til sama svæðis. Svæðisráð felur þjóðgarðsvörðum að útfæra orðalagsbreytingar skv. umræðum á fundinum og koma á framfæri við stjórn þjóðgarðsins.*

Gaukur Hjartarson vék af fundi.

#### 2. Dettifoss salernismál - 1805017

Þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi fór yfir hugmyndir um byggingu þurrsalerna á byggingareit við bílastæði þjónustusvæðis við Dettifoss að vestanverðu. Þannig verði lágmarksaðstaða við bílastæðið, en fullkomin aðstaða og meiri þjónusta við gatnamót 862 og 886, samanber bókun 1.liðar.

*Svæðisráð fagnar framkomnum hugmyndum og leggur til að ferlinu verði hraðað eins og kostur er.*

#### 3. Ásbyrgi - umsjónarsamningur við Skógræktina - 1901007

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum fjallaði um samning Vatnajökulspjóðgarðs og Skógræktarinnar sem undirritaður var 18. janúar sl. og fól í sér formlega umsjón Vatnajökulspjóðgarðs á jörðinni og ríkiseignum í Ásbyrgi.

*Svæðisráð fagnar samningnum og hlakkar til áframhaldandi samstarfs við Skógræktina á nýjum grunni.*

#### 4. Ásbyrgi - staða yfirlandvarðar - 1901008

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum kynnti nýtt heilsársstarf yfirlandvarðar sem auglýst

var til umsóknar fyrir skemmstu. Umsóknarfrestur er til 11.febrúar.

*Svæðisráð fagnar þessu skrefi, að þriðja heilsársstaðan skuli nú bætast við í Ásbyrgi. Það mun styrkja starfsstöðina og auðvelda heilsársopnun í Gljúfrastofu.*

#### **5. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - 1809019**

Formaður greindi frá stöðu vinnu við stofnun miðhálandisþjóðgarðs og fundarhöldum með sveitarfélögum. Nefndin mun skila niðurstöðum í október n.k. Svæðisráð ræddi viðmið í þjónustu, innviðabörf, möguleg þjóðgarðsmörk og gáttir inn í þjóðgarð.

*Málið verður tekið upp síðar í svæðisráði. Þá munráðið þurfa að skilgreina þjónustu- og innviðabörf í ljósi þeirra breytinga sem tilkoma miðhálandisþjóðgarðs kæmi til með að hafa á frá núverandi starfsemi. Einnig mun svæðisráð ræða mörk þjóðgarðsins betur, ekki síst í ljósi þess hvernig farið yrði með Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi með tilkomu miðhálandisþjóðgarðs. Þjóðgarðsvörðum er falið að undirbúa þá umræðu út frá aðstæðum og hagsmunum norðursvæðis, m.a. með samtölum við hlutaðeigandi.*

#### **6. Atvinnustefna - 1709017**

Ráðgjafafyrirtækið Alta hefur verið ráðið til vinnu við gerð atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs. Vinnuáætlun liggur fyrir og sem stendur er unnið að greiningu hagsmunaaðila og undirbúningi samráðsferlis.

*Svæðisráð fagnar því að skriður skuli vera kominn á málið og telur atvinnustefnuna mikilvæga og jákvætt skref fyrir þjóðgarðinn og þá starfsemi sem þar fer fram á vegum einkaaðila og annarra.*

#### **7. Mývatnssveit-gestastofa - 1901010**

Þjóðgarðsvörður á hálendi greindi frá fundi að frumkvæði Skútustaðahrepps um staðsetningu gestastofu í Mývatnssveit. Skipaður hefur verið starfshópur um málið sem í sitja fulltrúi Skútustaðahrepps, þjóðgarðsvörður á hálendi, fulltrúi Umhverfisstofnunar, Landgræðslu, Minjastofnunar og RAMÝ.

*Svæðisráð fagnar frumkvæði sveitarfélagsins um stofnun starfshóps um staðsetningu gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit. Staðsetning gestastofu í Mývatnssveit á sér stoð í lögum Vatnajökulsþjóðgarðs og því full ástæða til að leggja þunga áherslu á málið. Þjóðgarðsvörðum er falið að vinna áfram að málinu með þeim aðilum sem málið varðar, m.a. með hliðsjón af stofnun miðhálandisþjóðgarðs sbr. lið 5 að ofan.*

#### **8. Jökulsárgljúfur-skipulagsmál - 1901009**

Svæðisráð ræddi skipulagsmál í Jökulsárgljúfrum í samhengi við fyrirséðar breytingar á umferð ferðamanna, m.a. vegna nýs Dettifossvegar.

*Svæðisráð telur æskilegt að vandað verði til skipulagningar við uppbyggingu þjónustu í nágrenni þjóðgarðsins. Þannig verði stefnt að samstarfi þjóðgarðsins og Norðurþings og aðila á svæðinu sem kunna að sjá tækifæri í uppbyggingu. Svæðisráð óskar eftir formlegu samstarfi um málið við Norðurþing í tengslum við uppfærslu aðalskipulags sveitarfélagsins. Meðal annars verði skoðaður möguleiki á að útfæra „rammaskipulag“ í tengslum við aðalskipulagsvinnuna, sem nái til þjónustuuppbyggingar í nágrenni þjóðgarðsins.*

Fundi slitið kl. 12:45.